

Samþykkt um húsnæðismál

Sjötta þing KÍ haldið 1. - 4. apríl 2014 samþykkir heimild til stjórnar KÍ til að byggja við kennarahúsið, kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfssemi KÍ þar sem öllum nútímaþörfum félagsmanna verði sinnt og horft til framtíðar.

Greinargerð:

4. þing KÍ samþykkti ályktun um húsnæðismál KÍ. Þar var m.a. kveðið á um heimild til að hefjast handa við nýbyggingu við Kennarahúsið fengjust til þess tilskilin leyfi. Mat stjórnar KÍ var að ef byggður yrði fundarsalur á lóðinni og hægt væri þar með að breyta fundarsal í kjallara í skrifstofur væru húsnæðismál sambandsins leyst.

5. þing KÍ samþykkti heimild til stjórnar til að taka ákvörðun um húsnæðismál sambandsins. Meti stjórnin það svo að núverandi húsnæði dugi ekki lengur fyrir starfsemi sambandsins eða að nýbyggingar Landsspítalans þrengi verulega að starfseminni er stjórninni heimilt að gera þær ráðstafanir í húsnæðismálum sem hún telur þurfa.

Í byrjun mars 2011 kom svar frá Eignasviði Landsspítala þess efnis að ekki væri hægt að gera ráð fyrir nýbyggingu við Kennarahúsið í vinnu við skipulag spítalans. Á kjörtímabilinu hefur verið fundað með stjórnvöldum um málið og hlutaðist fyrrverandi velferðarráðherra til um að KÍ fékk fund með yfirstjórn Landsspítala. Á fundinum kynnti forysta KÍ teikningu að viðbyggingu við Kennarahúsið til lausnar á húsnæðisvanda KÍ og til að leysa aðgengismál í Kennarahúsi. Þetta leiddi ekki til lausnar í málinu.